

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar 2014**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar 2014 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri batnaði milli ára og var neikvætt um 9,1 ma.kr. samanborið við 10,1 ma.kr. 2013. Innheimtar tekjur hækkuðu um 9,5 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 6,7 ma.kr. milli ára.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar 2014 (m.kr.)

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>
Innheimtar tekjur	27.559	26.663	31.401	32.877	42.408
Greidd gjöld	42.682	37.079	43.319	46.113	52.856
Tekjujöfnuður	-15.123	-10.416	-11.918	-13.236	-10.448
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	2.148	-436	-1.424	3.106	1.373
Handbært fé frá rekstri	-12.975	-10.852	-13.342	-10.130	-9.075
Fjármunahreyfingar	-208	-203	-2.315	-5.146	-190
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-13.183	-11.055	-15.657	-15.276	-9.265
Afborganir lána	-1.043	-743	-1.138	-849	-2.034
Innanlands	-1.043	-743	-1.138	-849	-2.034
Erlendis	-	-	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-14.226	-11.802	-16.795	-16.125	-11.299
Lántökur	12.988	12.324	5.647	5.289	-4.111
Innanlands	13.402	6.828	438	5.289	-4.111
Erlendis	-414	5.496	5.209	0	0
Breyting á handbæru fé	-1.238	522	-11.148	-10.836	-15.410

Innheimtar tekjur. Heildartekjur janúarmánaðar námu 42,4 ma.kr. samkvæmt bráðabirgðatölum Fjársýslunnar. Það er umtalsvert hærrí fjárhæð en innheimtist í janúar í fyrra, þegar tekjurnar námu 32,9 ma.kr. Rétt er að hafa þann almenna fyrirvara við þessa niðurstöðu að uppgjör janúarmánaðar felur alla jafna ekki í sér miklar vísbendingar um hvernig árið í heild gæti átt eftir að standast áætlun fjárlaga. Innheimta í janúar er í flestum tilvikum vegna fyrra árs, t.d. vegna launagreiðslna fyrir desembermánuð, og veltu og viðskipta á síðustu mánuðum ársins, þegar áhrif árstíðasveiflu á stærstu tekjustofna ríkisins eru mikil. Einnig er rétt að hafa í huga að tekjur af óreglulegum liðum eru óvenjumiklar í janúar 2014 eins og skýrt verður nánar hér á eftir. Síðan verður farið yfir þróun helstu tekjustofna í mánuðinum.

Óvenjumiklar bókfærðar tekjur í janúarmánuði skýrast m.a. af innheimtu á útistandandi kröfum ríkissjóðs vegna fyrri ára. Uppgjör eftirstöðva skila ríkissjóði jafnt og þétt tekjum sem að jafnaði eru fremur lág fjárhæð, en getur þó verið há í einstökum mánuðum, ýmist til hækkunar (innheimta) eða lækkunar (endurgreiðsla) á tekjum ríkisins. Önnur skýring á miklum tekjum í mánuðinum liggur í hliðrun í innheimtu fjármagnstekjuskatts



milli janúar og febrúar. Gjaldþagi vegna fjármagnstekna fyrir fjórða ársfjórðung 2013 var 20. janúar með eindaga 4. febrúar sl. Svo virðist sem stærri hluti gjaldþagans hafi verið greiddur í janúar á þessu ári en á síðustu árum. Alls skýrir 3 ma.kr. eftirstöðvinnheimta og 4 ma.kr. skil á fjármagnstekjuskatti um 7 af tæplega 10 ma.kr. tekjuauka nú samanborið við janúar í fyrra. Frávik frá áætlun er því einnig mikið í janúar, einkum í tilviki tekjuskatta og tryggingagjalda vegna eftirstöðvinnheimtu. Að því marki sem fráviknið skýrist af fjármagnstekjuskatti sem greiddur var snemma má vænta þess að það jafnist þegar uppgjör febrúarmánaðar bætist við.

Tekjur ríkissjóðs janúar 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2012	2013	2014	2012	2013	2014
Skatttekjur og tryggingagjöld	29.322	29.616	38.716	27,4	1,0	30,7
Skattar á tekjur og hagnað	11.321	12.248	20.223	-0,9	8,2	65,1
Tekjuskattur einstaklinga	10.063	10.450	12.823	15,3	3,8	22,7
Tekjuskattur lögaðila	393	841	2.374	-67,8	113,7	182,4
Skattur á fjármagnstekjur	865	958	5.027	-41,2	10,8	424,7
Eignarskattar	1.889	599	570	299,5	-68,3	-4,9
Skattar á vöru og þjónustu	9.008	9.881	10.216	81,3	9,7	3,4
Virðisaukaskattur	3.907	3.973	4.499	215,1	1,7	13,2
Vörugjöld af ökutækjum	412	363	245	77,7	-11,8	-32,5
Vörugjöld af bensíni	912	787	922	-0,8	-13,7	17,2
Skattar á olíu	502	523	546	0,5	4,1	4,4
Áfengisgjald og tóbaksgjald	1.327	1.392	1.355	10,3	4,9	-2,7
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	1.949	2.843	2.649	122,5	45,8	-6,8
Tollar og aðflutningsgjöld	600	589	516	96,1	-1,7	-12,5
Aðrir skattar	392	665	844	7,9	69,4	26,9
Tryggingagjöld	6.112	5.634	6.347	11,3	-7,8	12,7
Fjárframlög	13	14	14	20,1	5,0	3,4
Aðrar tekjur	2.030	3.232	3.615	-37,8	59,2	11,9
Sala eigna	36	15	64	-	-	-
Tekjur alls	31.401	32.877	42.408	19,1	4,7	29,0

Skattar á tekjur og fjármagnstekjur einstaklinga og lögaðila skiluðu ríkissjóði 20,2 ma.kr. tekjum í janúar. Þar af var hlutur ríkissjóðs í staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars á einstaklinga 11,7 ma.kr. Það er 15,7% meira en í fyrra þegar leiðrétt hefur verið fyrir áætluðum áhrifum sérstakra úttekta séreignarsparnaðar. Þá var innheimta vegna eftirstöðva fyrri ára 1 ma.kr. meiri en í janúar í fyrra og samtals skilaði tekjuskattur einstaklinga þannig 12,8 ma.kr. tekjum miðað við 10,5 ma.kr. í fyrra. Tekjuskattur lögaðila skilaði einnig óvenjumiklum tekjum í janúar, eða 2,4 ma.kr., sem skýrist að mestu leyti af eftirstöðvinnheimtu. Loks voru rúmir 5 ma.kr. af tekjum janúar fjármagnstekjuskattur, langmest vegna fjórða ársfjórðungs ársins 2013, en mestar fjármagnstekjur falla jafnan til í þeim fjórðungi. Eins og skýrt er hér að framan þarf þó að líta á samtölu innheimtu fyrir janúar og febrúar til að greina þróunina í fjármagnstekjuskatti samanborið við fyrra ár.

Tekjur í flokknum launaskattar námu 0,7 ma.kr. Þar af var fjársýsluskattur sem lagður er á fjármálafyrirtæki 0,4 ma.kr. og hefur sá stofn sem greitt er af í mánuðinum hækkað



um rúm 50% milli ára. Þar kann einnig að gæta tilfærslu milli mánaða. Eignarskattar skiluðu 0,6 ma.kr. tekjum í janúar, sem er í samræmi við áætlun. Innheimta þeirra er mest vegna auðlegðarskatts en tekjur af stimpilgjaldi voru í lágmarki enda tóku ný lög gildi um sl. áramót sem fólu í sér afnám stimpilgjalds í mörgum tilvikum, og jafnframt breytingar í þeim tilvikum sem gjaldið er enn lagt á, þ.e. á eignaryfirfærslusamninga.

Virðisaukaskattur, vörugjöld, tollar og aðrir óbeinir skattar skiluðu ríkissjóði 10,7 ma.kr. tekjum í janúar samanborið við 10,5 ma.kr. í sama mánuði í fyrra. Á heildina litið var útkoman í samræmi við áætlun þótt frávik væru í einstökum liðum, ýmist jákvæð eða neikvæð. Innheimta virðisaukaskatts var heldur meiri en ráð var fyrir gert eða 4,5 ma.kr. en tekjur af honum í janúarmánuði eru þó mjög lítil hluti af innheimtu ársins í heild, sem áætluð er 152 ma.kr. Of snemmt er enn að rýna í einstaka liði óbeinna skatta eftir marktækum vísbendingum um væntanleg frávik frá áætlunum fjárlaga, en gert er ráð fyrir að þessi flokkur skatta, fyrir utan virðisaukaskatt, muni skila tæpum sjötta hluta skatttekna ríkissjóðs á árinu.

Tekjur af tryggingagjaldi námu 6,3 ma.kr. og var það nokkuð umfram áætlun eftir að leiðrétt hefur verið fyrir sveiflu í eftirstöðvinnheimtu. Þar virðist því, á sama hátt og í tekjuskatti einstaklinga, koma fram að launastofn hafi verið talsvert hár í desembermánuði, eða 14,2% hærrí en í desember 2012. Vegna vægis óreglulegra liða í launum undir lok árs er óvarlegt að draga aðrar ályktanir af innheimtufráviki janúarmánaðar. Áhugavert verður þó að sjá þróun næstu mánaða.

Aðrar tekjur en skatttekjur námu samtals 3,7 ma.kr., þar af vaxtatekjur 1,7 ma.kr. og veiðigjald 1,3 ma.kr. Vaxtatekjur eru mun meiri en ráð var fyrir gert og rúmlega tvöfaldast frá því sem þær voru í janúar 2013. Tekjur af veiðigjaldi eru hins vegar lítillega undir áætlun.

Greidd gjöld námu eins og áður segir 52,9 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 6,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 14,6% sem var í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greiningu á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Gjöld ríkissjóðs janúar 2012-2014

	2012	2013	2014	2013	2014
Vaxtagreiðslur	4.866	5.140	7.380	5,6	43,6
Almenn opinber þjónusta	3.950	4.461	4.671	12,9	4,7
Almannatryggingar og velferðarmál	8.688	9.145	11.848	5,3	29,6
Heilbrigðismál	9.256	10.047	10.826	8,5	7,8
Efnahags- og atvinnumál	3.607	3.570	4.242	-1,0	18,8
Menntamál	8.756	9.053	9.261	3,4	2,3
Menningar, íþróttar og trúmál	1.593	1.621	1.576	1,7	-2,8
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	1.532	1.741	1.750	13,6	0,5
Umhverfisvernd	192	255	239	33,0	-6,2
Varnarmál	46	126	76	170,1	-39,7
Húsnæðis-, skipulags- og veitumál	16	52	72	234,6	38,3
Óregluleg útgjöld	817	903	914	10,5	1,3
Gjöld alls	43.319	46.113	52.856	6,5	14,6



Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 7,4 ma.kr. og jukust um 2,2 ma.kr. frá fyrra ári sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 1,4 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 3,3 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu 11,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2,7 ma.kr. milli ára. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna lífeyristrygginga jukust um tæpar 700 m.kr. milli ára og námu um 5,6 ma.kr. á tímabilinu. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð námu 1,1 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega frá fyrra ári. Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs námu tæpum 1,3 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Fæðingaorlofssjóðs 709 m.kr. og jukust lítillega milli ára. Þá námu greiddar barnabætur 2,3 ma.kr. sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir.

Útgjöld til heilbrigðismála námu tæpum 10,8 ma.kr. og jukust um 780 m.kr. milli ára. Útgjöld Landspítala námu 3,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 575 m.kr. milli ára. Útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri voru 396 m.kr. og drógust lítillega saman á milli ára. Þá námu útgjöld heilbrigðisstofnana 1,4 ma.kr. og jukust lítillega milli ára. Útgjöld Sjúkratrygginga námu 2,4 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári. Greiðslur til hjúkrunarheimila námu rúmum 1,6 ma.kr. á tímabilinu sem er lítilsháttar lækkun frá fyrra ári.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um tæpar 700 m.kr. á milli ára og námu 4,2 ma.kr. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld Vegagerðarinnar sem námu 1,3 ma.kr. og aukast um 250 m.kr. milli ára og greiðslur til landbúnaðarframléiðslu sem námu samtals um 1,1 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld til menntamála námu 9,3 ma.kr. í janúar og voru rúmum 200 m.kr. hærra en á árinu 2013. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna námu 5,5 ma.kr. og drógust lítillega saman milli ára en voru innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands námu tæpum 1 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning milli ára. Útgjöld vegna annarra háskóla námu rúmum 500 m.kr. og jukust lítillega á milli ára. Útgjöld til framhaldsskóla námu 1,8 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Útgjöld til menningar- íþróttar og trúmála námu 1,6 ma.kr. á tímabilinu og drógust lítillega saman milli ára. Helstu útgjaldþættir eru Ríkisútvarpið tæpar 300 m.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals um 400 m.kr.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála námu 1,8 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári. Stærstu útgjaldþættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 336 m.kr. og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem voru 351 m.kr. Útgjöld til umhverfisverndar námu 239 m.kr. á tímabilinu sem er svipað og á síðasta ári. Útgjöld til varnarmála námu 76 m.kr. á tímabilinu samanborið við 126 á síðasta ári. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála námu 72 m.kr. og jukust milli ára um 20 m.kr. Óregluleg útgjöld námu tæpum 1 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu 845 m.kr. og greiddur fjármagnstekjuskattur 69 m.kr.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 9,3 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 15,3 ma.kr.



Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 2,0 ma.kr. en engar erlendar afborganir voru á gjalddaga.

Engar lántökur voru í janúar en staða ríkisvixla lækkaði um 4,1 ma.kr. Endurmat gjaldeyrisreikninga var jákvætt um 0,4 ma.kr.